

Grein um Yrkju (2010) í Eflingarblaðið, september 2011

Titill: YRKJA - námsúrræði fyrir pólskar konur hjá Eflingu

Á vorönn ársins 2010 hafði Atli Lýðsson, fræðslustjóri hjá Eflingu-stéttarfélagi, samband við undirritaða hjá Mími-símenntun vegna styrks sem fengist hafði frá verkefninu „Evrópuár gegn fátækt og félagslegri einangrun“. Eftir stuttan fund var ákveðið að reyna að fá 16 pólskar konur úr Eflingu, sem höfðu verið lengi í atvinnuleit, til þátttöku í 200 kennslustunda námskeiði. Ákveðið var að kalla námskeiðið Yrkju. Það yrði þeim að kostnaðarlausu og haldið í samstarfi við Mími en verkefnastjórar þar sáu um skipulag kennslu og utanumhald námskeiðs. Ætlunin var að reyna að rjúfa félagslega einangrun þeirra og koma þeim til virkni, auk þess að styrkja stöðu þeirra á vinnumarkaði. Send voru út fjölmörg boðsbréf á pólsku þar sem konurnar sem valdar höfðu verið voru hvattar til þátttöku. Það var gleðiefni að fjölmargar sóttu um, raunar talsvert fleiri en komust að.

Námskeiðið stóð frá 4. október til 10. desember 2010, frá kl. 9-12, alla virka morgna vikunnar og kennt var í húsi Eflingar að Sætúni í Reykjavík. Námsþættirnir voru þessir: íslenska (sem hafði mesta vægið), framburður og tal, sjálfsstyrking, samfélagsfræðsla, tölvur, fjármál, næringarfræði, myndlist, enska og færnimappa. Auk þessara þátta fóru þátttakendurnir í líkamsrækt og einstaklingsviðtöl hjá náms- og starfsráðgjafa. Loks var farið í heilsdagsferð um Reykjanesið. Það var reglulega sterkur leikur að fá pólskumælandi kennara í enskukennsluna, fjármálafræðsluna, í hluta af íslenskunni og í samfélagsfræðsluna. Það veitti vísast mörgum öryggiskennd og var til góðs fyrir andann í hópnum. Þá má þakka árangurinn alúð kennara við kennsluna og þá miklu samkennd sem myndaðist í hópnum.

Eins og sjá má af ofantöldu var þetta mjög fjölbreytt námskeið og í stundaskránni höfðum við eitthvað létt og skemmtilegt á föstudögum. Mikil gleði ríkti í þessum hópi eins og sjá má af mati nemenda sem gert var að námskeiðinu loknu. Konurnar voru virkilega þakklátar fyrir þetta glæsilega tækifæri til þátttöku í samfélaginu og ekki spillti fyrir að námskeiðið var frítt. Það var reglulega gaman að virkja þennan hóp til athafna, með svo fjölbreytilegum hætti.

Ákveðið var að húa í Yrkju-hópinn þann 15. ágúst sl. og taka viðtal við nokkra þátttakendur. Það var sannarlega ánægjulegt að hitta konurnar tíu sem mættu, sumar með börn sín. Við sem stóðum að námskeiðinu erum sannfærð um að þátttakan í Yrkju hefur orðið til góðs; margar kvennanna höfðu fengið starf eða farið í frekara nám að námskeiðinu loknu.

Vala S. Valdimarsdóttir, verkefnastjóri hjá Mími-símenntun